

Vorönn 1976

NÁMSFLOKKAR NESKAUPSTAÐAR

Námshópur um jafnréttismál.

Starfsáætlun.

1.fundur: Kynnig á starfshópnum. Starfsáætlun úthlutað og útskýrð. Möppum dreift. Lögð könnun fyrir þátttakendum um það, hvar þeim þyki misréttið mest og hvar þurfi helst að bæta úr (fjölrítaðar 10 spurningar). Unnið úr svörum strax. Allir fá 10 sams konar lista til þess að leggja fyrir kunningaja.

Lesefni fyrir næsta fund: G.G.Ó.: Þáttur uppeldisins í misrétti kynjanna (erindi frá ráðstefnu A.S.Í, og B.S.R.B.). Erindinu fylgir verkefni til íhugunar.

2.fundur: Úrslit könnunar þátttakenda athuguð.

U P P E L D I Ð

Stutt samantekt á erindinu í upphafi (með athugasemdum). Síðan verður efnið rætt.

Lesefni fyrir næsta fund: Helga Sigurjónsd.: Um misrétti í skólum. Nokkrar spurningar til íhugunar fylgja.

3. fundur: S K Ó L I N N

Umræður á grundvelli spurninganna. Rætt um misrétti í grunnskólanum: handavinna, íþróttir, heimilisfræði, mótandi áhrif lestexta.

Heimaverkefni: ljósrit af jafnréttisgrein í norsku grunnskóla=LÖGUNUM. Athugun á einni kennslubók með tilliti til mótandi áhrifa lestexta (Hugsanlegt er að birta einhvers staðar þá samantekt hópsöns, ef eitthvað þykir koma þar markvert fram).

4.fundur: S K Ó L I N N

Niðurstöður heimaverkefnis athugaðar. Umræður um starfsmenntun karla og kvenna. Skoðaðar töflur um þetta efni í bókinn "jafnrétti kynjanna" (á glærum). Rætt um fullorðinsfræðslu.

Heima: lesa: G.G.Ó.: Konur á vinnumarkaðnum, Réttur, 4.hefti 1973.

5.fundur: A T V I N N U L Í F I Ð

Atvinnuþátttaka, kynntar nýjustu tölur um þetta efni (einnig með tilliti til aldurs og hjúskaparstéttar). Kvennastörf - karlastörf. Frami kvenna í starfi, mætingar kvenna í vinnu. "Varavinnuafli", endurmenntun.

Heima: lesa ljósrit af eftirtöldum blaðagreinum: Gunnar Guttormsson: Ákvæðisvinna kvenna er öðru vísi mæld en karla, Forvitin rauð, maí 1973; Þórey Jónsdóttir: Íshúskonur, þrælur nútímans, Forvitin rauð, maí 1973; Hildur Hákonardóttir: Brot úr iðnsögu, Forvitin rauð, maí 1975; og til gamans glefsur úr bæklingi Stjórnunarfélags Íslands, Einkaritaranum.

6.fundur: A T V I N N U L Í F I Ð

Heimalesefni rætt. Sagt frá athugnum, sem gerðar hafa verið meðal opinberra starfsmanna, bankafólks, samanburður á launum verkakvenna og verkamanna, versklunar- og skrifstofufólk. Tekin saman reynsla þátttakenda af kynjamisréttinu í atvinnulífi.

Heima: Kynning á tveim hugmyndum um sérsköttun, sem gott væri að þátttakendur væltu fyrir sér og rækkdu við aðra.

7.fundur: S K A T T A R O G L Ö G

Álit manna á þessum tveim hugmyndum um sérsköttun rædd. Misrétti í lögum fyrr og nú kynnt og rætt. Er þörf á jafnréttislöggjöf (eins og Bretar komu á hjá sér nú rétt fyrir áramót) hér á landi? (Ef þátttakendum finnst einhvers staðar vera brotin lög á konum mætti senda bréf frá hópnum til viðkomandi yfirvalda).

Heima: Könnun á ástæðum þess að konur k taka lítinn þátt í stéttafélögum.

8.fundur: S T É T T A F É L Ö G O G S T J Ó R N M Á L

Niðurstöður könnunar athugaðar og þær ástæður sem menn telja helst orsaka litla þátttöku kvenna í stéttafélögum. Staða kvenna í stjórnmálaafélögum rædd. (Rætt um uppbyggingu félaga). Kynnt athugun hóps í Norrræna sumarháskólanum, sem skopði nokkur kvenfélög.

Heima: Þýddur kafli úr Bók Germain Gear, Kvengeldingurinn.

9.fundur: H E I M I L I Ð O G F J Ö L S K Y L D A N

Rætt um heimilisstörf og verkaskiptingu á heimilum. Skipulag heimilisstarfa með tilliti til þátttöku allra heimilismanna o.s.frv. (Er hægt að tímamæla heimilisstörfin og skipta þeim síðan á heimilismenn með tilliti til vinnutíma utan heimilis?).

10.fundur: Heima: undirbúningur undir 11.fund, þar sem fjallað verður um ákveðið skáldverk. Til gamans: glefsur úr "Sjúkrahúslækningum" eftir I.S.

10.fundur: F É L A G S L E G Þ J Ó N U S T A

Rætt um félagslega þjónustu. T.d dagvistarheimili (hvaða hlutverki þau þjóna og hvernig góð heimili eiga að vera, grunnskóli, foreldrasamstarf, heimilishjálp, umönnun sjúkra, barneignafri, mótuneyti, verslunarþjónusta o. s. frv. Hvað vantar hér í bæ?

Heima: Skáldsaga lesin með tilliti til persónusköpunar höfundar. Að auki ljósrít af grein Helgu Kress um "Gunnar og Kjartan" eftir Véstein Lúðvíksson, Skírnir 1975.

11.fundur: Bókin rædd og athugasemdir skráðar (mætti e.t.v. birtast e-s staðar.

Heima: ljósrít: nokkrir punktar úr "Kvindens lille røde" og einnig "sígild viðbrögð karla við Rauðsokkum".

12.fundur: Umræður og gagnrýni á leshringinn. Gæti slíkt efni verið námsefni í skóla?

-----

Skoðanakönnun:

Á hvöða sviðum telur þú misrétti kynjanna mest ?

1. Í uppeldi er ekki vænst hins sama af stúlkum og drengjum. \_\_\_\_\_
2. Kveneðlið er ekki metið til jafns við karleðlið. \_\_\_\_\_
3. Í námsefni skólanna. \_\_\_\_\_
4. Í mismunandi möguleikum til menntunar. \_\_\_\_\_
5. Í mismunandi möguleikum til starfsvals. \_\_\_\_\_
6. Í mismunandi möguleikum kynjanna til þess að öðlast  
frama í starfi ? \_\_\_\_\_
7. Lanamál. \_\_\_\_\_
8. Í verkaskiptingunni á heimilunum, þ.e. þetta tvöfalda  
vinnuálag kvenna, sem vinna að auki utan heimilis. \_\_\_\_\_
9. Í vanmati á getu og hæfileikum kvenna. \_\_\_\_\_
10. Annað: .....